



Reykjavík, 4. október 2022

MSS22080177

SL

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Starfandi sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Umsögn menningar- og ferðamálasviðs um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengisvanda í miðbænum á hátíðisdögum

Í aðdraganda Menningarnætur eru hafðir samráðsfundir með hinum ýmsu hagaðilum þar sem rædd eru aðgengismál að hátíðarsvæðinu og óskað eftir athugasemdu. Hagaðilarnir eru til dæmis, viðbragðsaðilar (lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóri, slökkviliðið, landhelgisgæslan), þjónustumiðstöðin í miðborginni, Frístundamiðstöðin Tjörnin, Barnavernd, ýmsar starfseiningar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Strætó, leigubílar, ferðapjónustan, rekstraraðilar og Öryrkjabandalagi Íslands.

Varðandi aðgengi fatlaðs fólks að hátíðarsvæðinu var árið 2017 gerð tillaga að staðsetningu bílastæða fyrir P merkta bíla í samráði m.a. við Öryrkjabandalagið og hvar ferðapjónusta fatlaðra getur skilað af sér og sótt farþega. Náðist sátt um þetta og hefur verið notast við það fyrirkomulag undanfarin ár. Þessi svæði eru innan almenna lokunarsvæðisins og komast allir P merktir bílar í gegnum lokunarhlíð. Upplýsingar um þetta fyrirkomulag er auglýst víða, m.a. sendir framkvæmdastjóri ÖBÍ út póst til sinna félagsmanna. Til viðbótar má nefna að óskað er eftir athugasemdu frá ÖBÍ varðandi götulokunarkort sem notað er við kynningar í aðdraganda hátíðar.

Bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk eru staðsett á eftirfarandi stöðum:

- Skúlagötu, vestan við Olís
- Við Tækniskólann
- Neðst á Túngötu (við hornið á Suðurgötu)

Að auki eru salernum fyrir fatlað fólk komið fyrir víða um miðborgina á Menningarnótt.

Virðingarfyllst,



Huld Ingimarsdóttir
starfandi sviðsstjóri
menningar- og ferðamálasvið